

ÁDALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA **28. maí 2008**

Árskýrsla stjórnar fyrir árið 2007 - 2008

Ágætu félagar!

Miklar breytingar hafa orðið meðal SÍP félaga undanfarið þar sem mörg aðildarfyrirtæki hafa sameinast og myndað stærra og öflugri einingar. Þessi þróun getur verið jákvæð hvað varðar þróun prófunarstarfseminnar í landinu og gert fyrirtækjunum mögulegt að efla tækjabúnað, gæðastjórnun, vottanir ofl. Sameining fyrirtækjanna hefur hinsvegar þýtt færri aðildarfélagum og minni tekjur fyrir SÍP.

Á starfsárinu 2007 til 2008 hefur verið lögð áhersla á upplýsinga og fræðslustarf en einnig hefur stjórnin lagt nokkra vinnu í tillögu að breyttum lögum félagsins sem mjög var orðið tímabært. Í undirbúningi er gerð heimasíðu fyrir SÍP.

Upplýsinga og fræðslustarf

Eitt aðalmarkmið Sambands íslenskra prófunarstofa hefur verið að halda kynningar og fræðslufundi fyrir félagsmenn. Á þessu ári var kynningarfundur um starfsemi Mælifræðasviðs Neytendastofu og var hann haldinn í janúar sl. Um kynninguna sá Guðmundur Árnason og kynnti hann aðstöðu, búnað og starfsemi Mælifræðasviðs. 20 manns sóttu kynninguna. Kynningin fjallaði um helstu verkefna sviðsins:

- Ráðgjöf fyrir stjórnvöld um mælifræði og mæligrunna og fræðslu á sviði mælifræði
- Varðveislu landsmæligrunna
- Kvörðunarþjónustu
- Markaðseftirlit með mælitækjum og eftirlit með löggildingu mælitækja



Starfsemin.

Samkvæmt markmiðum SÍP var ákveðið að stuðla að bættri menntun innan starfsgreinarinnar, sérstaklega hvað varðar menntun rannsóknarmanna og aðstoðarmanna á rannsóknarstofum. Lítið framboð er af námskeiðum hér á landi sem hentar fyrir starfsfólk rannsóknarstofa. Í framhaldi af umræðum um þessi mál var leitað til NMÍ (Impru) og ákveðið var að byggja upp námskeið á grunni eldra námskeiðs sem haldið var 2003 fyrir starfsfólk rannsóknarstofa. Búið er við að námskeiðið verði að veruleika á haustmánuðum 2008.

Á miðju starfsári var ákveðið að endurskoða lög og markmið félagsins. Núgildandi lög eru frá því að félagið var stofnað og eru að ýmsu leyti úr sér gengin og taldi stjórnin eðlilegt að endurskoðun færi fram. Miðað var við að leggja fram tillögu að lagabreytingum til samþykktar á þessum aðalfundi og hefur það gengið eftir. Tengslin við EUROLAB og EuraCem hafa verið fólgin í þátttöku okkar í aðalfundum þeirra og miðlun upplýsinga um evrópska prófunarstarfsemi.

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins

Stjórn og stjórnarfundir

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu þar sem áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar. Fundir voru haldnir til að fjalla um lög félagsins og tillögu um lagabreytingar sem nú er lögð fyrir aðalfund.

Félagsmenn hafa verið hvattir til að bjóða sig fram til setu í stjórn félagsins og stuðla þannig að framgangi félagsins og prófunarstarfseminnar í heild.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt:

Aðalsteinn Arnbjörnsson Nýsköpunarmiðstöð Íslands, - formaður

Heiða Pálmadóttir Matís ohf, - ritari

Elísabet Sólbergisdóttir Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, - gjaldkeri

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, Mannvit hf

Stefán Björnsson, Össur h.f.

Reykjavík 27. maí 2008

Aðalsteinn Arnbjörnsson